

# Leflunomide medac

Upplýsingablað fyrir sjúklinga

## **Leflunomide medac**

### **Upplýsingar um hættu á fósturskaða**

Þú hefur fengið þetta upplýsingablað í hendur vegna þess að læknirinn þinn hefur ávísað þér Leflunomide medac. Tilgangurinn með blaðinu er að upplýsa þig um mögulega hættu á alvarlegum fósturskaða í tengslum við meðferð með lyfinu og þær varúðarreglur sem verður að fylgja til að koma megi í veg fyrir hann. Lestu þessar upplýsingar vandlega. Læknirinn þinn mun fræða þig betur um það hvaða áhrif lyfið getur haft, bæði æskileg og óæskileg. Mikilvægt er að lesa einnig fylgiseðilinn sem er að finna í pakkningunni með lyfinu.

### **Áform um barneignir og meðganga**

Leflunomide medac getur skaðað ófætt barn.

Leflunomide medac hverfur hægt úr líkamanum. Hættan á fósturskaða er því enn til staðar eftir að meðferð er hætt.

Bæði karlar og konur þurfa að nota öruggar getnaðarvarnir allan tímann sem hætta er á fósturskaða af völdum lyfsins.

## Upplýsingar fyrir konur sem eru eða geta orðið þungaðar

Konur sem mega ekki taka Leflunomide medac eru

- Konur sem eru þungaðar
- Konur sem geta orðið þungaðar og nota ekki örugga getnaðarvörn.

Ófætt barn getur orðið fyrir alvarlegri vansköpun ef

- Þú tekur Leflunomide medac þegar þú ert þunguð.
- Þú verður þunguð meðan á meðferð með Leflunomide medac stendur.
- Þú verður þunguð þegar minna en tvö ár eru liðin frá því að meðferð var hætt, ef læknir hefur ekki gefið þér ákveðin lyf til að flýta því að lyfið hverfi úr líkamanum (útskolunarferli sem lýst er hér á eftir).
- Þú verður þunguð eftir að meðferð er hætt áður en staðfest hefur verið með blóðprufum að magn lyfsins í líkamanum sé orðið svo lítið að það valdi ekki fósturskaða.

Eftirfarandi varúðarráðstafanir eru sérstaklega mikilvægar við notkun Leflunomide medac:

- Gakktu úr skugga um að þú sért ekki þunguð áður en meðferð er hafin. Það verður að útiloka þungun með þungunarprófi undir eftirliti læknis.
- Konur sem geta orðið þungaðar þurfa að nota öruggar getnaðarvarnir meðan á meðferð með Leflunomide medac stendur og í 2 ár eftir að meðferð er hætt, þar til staðfest hefur verið með blóðprufum að magn lyfsins í líkamanum sé orðið svo lítið að það valdi ekki fósturskaða.
- Ef þú ætlar þér að verða þunguð skaltu láta lækinn vita. Þú verður að hætta að taka Leflunomide medac og þú þarft
  - að bíða í 2 ár eða
  - ganga í gegnum útskolunarferlið sem lýst er hér á eftir til þess að hraða útskilnaði Leflunomide medac úr líkamanum.
- Ef lyfið er fjarlægt úr líkamanum með útskolunarferli þurfa þær konur sem eru á

pillunni að nota aðra getnaðarvörn til viðbótar á meðan á útskolunarferlinu stendur.

- Láttu lækninn vita tafarlaust ef þig grunar að þú gætir verið þunguð (t.d. ef tíðablæðingar verða ekki á réttum tíma) meðan á meðferð með Leflunomide medac stendur eða innan 2 ára eftir að meðferð lauk og áður en staðfest hefur verið að magn lyfsins í líkamanum sé komið undir hættumörk.

## **Útskolunarferli eftir meðferð með Leflunomide medac**

Áður en þú mátt verða þunguð þarftu að bíða þar til það hefur verið staðfest með blóðprufum að Leflunomide medac hafi horfið nánast algjörlega úr líkama þínum. Það kann að taka um það bil 2 ár. Þennan biðtíma má stytta með því að taka tiltekið lyf sem flýttir fyrir því að Leflunomide medac hverfi úr líkamanum.

Þegar þetta lyf hefur verið tekið í 11 daga þarf að staðfesta með tveimur blóðrannsóknnum með að lágmarki 14 daga millibili að Leflunomide medac hafi verið eytt úr líkamanum að nægilegu marki. Ef seinna prófið staðfestir að magn Leflunomide

medac í líkamanum sé komið undir ákveðin hættumörk, þarftu að bíða í mánuð í viðbót áður en þú reynir að verða þunguð.

Ef blóðgildin eru enn of há að útskolunarferlinu loknu, kann að reynast nauðsynlegt að endurtaka ferlið.

## **Upplýsingar fyrir karlmenn**

Mögulegt er að Leflunomide medac berist í sáðvökva og skaði ófætt barn. Því skulu karlmenn nota örugga getnaðarvörn meðan á meðferð með Leflunomide medac stendur.

Ef þú færð meðferð með Leflunomide medac og ætlar þér að geta barn skaltu hafa samband við lækinn. Læknirinn getur ráðlagt þér að hætta töku Leflunomide medac og ganga í gegnum útskolunarferlið sem lýst er hér á undan. Eftir það þarf að staðfesta með 2 blóðrannsóknum með að lágmarki 14 daga millibili að lyfinu hafi verið eytt úr líkamanum að nægilegu marki. Eftir að styrkur lyfsins í blóði er kominn undir hættumörk skulu karlmenn bíða minnst 3 mánuði áður en þeir reyna að geta barn.

Hafðu samband við lækinn ef þú hefur einhverjar spurningar.

## Læknir/ Hjúkrunarfræðingur

Nafn: \_\_\_\_\_

Deildir: \_\_\_\_\_

Sími: \_\_\_\_\_

Netfang: \_\_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_

Deildir: \_\_\_\_\_

Sími: \_\_\_\_\_

Netfang: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_





Williams & Halls ehf. Hverfisgata 105, 101 Reykjavík, Iceland  
info@whalls.lu www.whalls.lu

[www.leflunomide-medac.com](http://www.leflunomide-medac.com)

Medac website: [www.medac.de](http://www.medac.de)